NPA MIÐSTÖÐIN
Urðarhvarf 8
203 Kópavogur
+354 5678270

Dómsmálaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Kópavogur, 16. nóvember 2026

Umsögn NPA miðstöðvarinnar um drög að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt, mál nr. S-225/2026 á 158. löggjafarþingi.

NPA miðstöðin lýsir yfir áhyggjum af fyrirhugaðri hækkun framfærsluviðmiða vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt.

Fyrirhuguð hækkun getur skapað verulegar hindranir fyrir fólk af erlendum uppruna sem vill koma til starfa á Íslandi og byggja hér upp framtíð sína. Fjölmargar starfsgreinar reiða sig á erlent vinnuafl, þar á meðal persónuleg aðstoð við fatlað fólk og fólk í þjónustustörfum.

Við bendum sérstaklega á að NPA aðstoðarfólk starfar í mismunandi starfshlutföllum á grundvelli gildandi kjarasamninga. Hert framfærsluskilyrði geta takmarkað möguleika fólks af erlendum uppruna til að starfa hér og þá jafnframt haft neikvæð áhrif á valfrelsi fatlaðs fólks og samfellu í nauðsynlegri aðstoð vegna skorts á starfsfólki.

NPA miðstöðin telur óforsvaranlegt að ráðast í svo umfangsmiklar breytingar án þess að meta áhrif þeirra á atvinnuþátttöku, fjölskyldulíf og réttindi þeirra sem breytingarnar snerta, þ.e. bæði umsækjendur en jafnframt fatlað fólk og starfsemi í ýmsum öðrum atvinnugreinum.

Við skorum á ráðuneytið að framkvæma slíkt áhrifamat og endurskoða tillögurnar með hliðsjón af niðurstöðum þess áður en reglugerðin tekur gildi.

Virðingarfyllst,
Fh. NPA miðstöðvarinnar,



Rúnar Björn Herrera Þorkelsson
formaður NPA miðstöðvarinnar